

Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Af bifreiðum, sem nota bensín að eldsneyti, skal á árinu 1974 greiða þungaskatt kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra. Af bifhjólum skal greiða kr. 450.00 í þungaskatt á árinu 1974.
- II. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal á árinu 1974 í stað gjalds skv. 5. gr. þessara laga greiða þungaskatt sem hér segir:
- a. Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.
- b. Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 27 500 og auk þess kr. 950 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.
- Ráðherra er heimilt að hækka gjaldskrá fyrir þungaskatt þeirra bifreiða, er skv. reglugerð eiga að greiða þungaskatt skv. ökumæli, frá 1. október 1974 að telja.
- III. Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða, sem til eru í landinu 9. september 1974. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
- Gjaldið skal greiða, hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 9. september 1974, skal greiða kr. 7.13 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.
- Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meiru þann 9. september 1974, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir, óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.
- Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 9. september 1974.

Gjört í Reykjavík, 6. september 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

5. september 1974.

Nr. 80.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi, 95. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Ég veiti hér með forsætisráðherra, Geir Hallgrímssyni umboð til þess að slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 5. september 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.